

Dettifossvegur

Umferðarhávaði

Vegagerðin hefur reiknað út umferðarhávaða í tengslum við Dettifossveg. Umferðarhávaðinn er háður umferð um veginn, hlutfalli þungra bifreiða, veghalla og ökuhraða. Í töflum 1-4 eru útreikningar á jafngildishljóðstigi miðað við eftirfarandi forsendur.

Umferðarspá

Umferðarspá fyrir árið 2032 samkvæmt niðurstöðum umferðardeildar er:

- SDU 777 Dettifossvegur: Norðausturvegur-Tóveggjarvegur (SDU=sumardagsumferð, fjöldi bíla á dag að sumarlagi)
- SDU 615 Dettifossvegur: Tóveggjarvegur-Vesturdalsvegur Á þessum kafla er mest umferð innan útivistarhluta þjóðgarðsins og verður notuð sem hönnunarumferð þar.

Reglugerð um hávaða

Skv. Reglugerð nr 933/1999 um hávaða gilda eftirfarandi viðmiðunargildi fyrir leyfilegt hljóðstig frá umferð :

- Viðmiðunargildi fyrir jafngildishljóðstig við sumarbústaði er 45 dB(A)
- Viðmiðunargildi fyrir jafngildishljóðstig á útivistarsvæði í þéttbýli er 55 dB(A)

Eðlilegt er að miða við að hljóðstigsgildi á helstu útivistarsvæðum í þjóðgarði verði þau sömu og við sumarbústaði eða viðmiðunargildi 45 dB(A) og að á áningarstöðum við veg verði viðmiðunargildið 55 dB(A).

Útreikningar

Til að sýna fram á hvernig mismunandi breytur hafa áhrif á útreiknað hljóðstig voru eftirfarandi tölur gerðar. Notað er forrit frá SINTEF sem hefur tiltölulega fáar breytur en á að gefa á einfaldan hátt góða hugmynd um hljóðstig við veg. Notað er gildi fyrir mjúkt jarðvegsyfirborð enda við ferðamannastaði víðast um að ræða gróið land og útivist nær eingöngu bundin við sumartímann.

Eftirfarandi tölur sýna í hvaða fjarlægð í m frá miðlínu vegar er ákveðið hljóðstig í dB(A). Breytur eru mismunandi: umferð, hlutfall stórra bíla, veghalli og hraði. Hraði flutningabíla er hæstur hafður 80 km/klst þó hraði léttra bíla sé meiri.

Tafla 1. Fjarlægð frá vegi að 45 eða 50 dB(A) jafngildishljóðstigi miðað við mismunandi ökuhraða ef SDU er **100 bílar** á dag, Hlutfall stórra bíla er 10% og veghalli er 0%.

Hraði	km/klst	50	60	70	80	90
45dB(A)	m	11	19	28	34	37
55dB(A)	m					6

Tafla 2. Fjarlægð frá vegi að 45 eða 50 dB(A) jafngildishljóðstigi miðað við mismunandi ökuhraða ef SDU er **700 bílar** á dag, Hlutfall stórra bíla er 10% og veghalli er 0%.

Hraði	km/klst	50	60	70	80	90
45dB(A)	m	46	58	70	83	90
55dB(A)	m	8	13	20	28	31

Fylgiskjal 8

Tafla 3. Fjarlægð frá vegi að 45 eða 50 dB(A) jafngildishljóðstigi miðað mismunandi ökuhraða ef SDU er 700 bílar á dag, Hlutfall stórra bíla er 10% og **veghalli er 6%.**

Hraði	km/klst	50	60	70	80	90
45dB(A)	m	64	80	98	116	128
55dB(A)	m	16	26	33	39	43

Tafla 4. Fjarlægð frá vegi að 45 eða 50 dB(A) jafngildishljóðstigi miðað mismunandi ökuhraða ef SDU er 700 bílar á dag, **Hlutfall stórra bíla er 5%** og veghalli er 6%.

Hraði	km/klst	50	60	70	80	90
45dB(A)	m	56	70	85	100	112
55dB(A)	m	13	20	29	34	38

Töflurnar sýna m.a. að:

- Við aukningu á hraða úr 50 km/klst upp í 90 km/klst u.p.b 2 - faldast fjarlægð í sambærilega jafngildislínu.
- Við sjöföldun umferðar 2,5-5,0 faldast fjarlægð í sambærilega jafngildislínu dB(A), háð hraða og hljóðstigi.
- Við aukningu halla úr láréttum vegi upp í 6% 1,4-2 faldast fjarlægð í sambærilega jafngildislínu, háð hraða og hljóðstigi.
- Við fækkun þungra bíla úr 10% í 5% minnkar fjarlægð í sambærilega jafngildislínu um ca 12%-20%), háð hraða og hljóðstigi.

Drög að niðurstöðum

Vegagerðin hefur reiknað út í hvaða fjarlægð vegurinn þarf að vera frá áningarstöðum og frá mikilvægum útivistarsvæðum til að ekki verði truflun af hávaða frá vegi. Litlar líkur eru taldar á að umferð stórra bíla verði meira en 10% og eins eru ekki miklar líkur á að áningastaðir verði við mikinn bratta.

Forsendur útreikninga: Áningastaðir séu staðsettir við <3% halla

Hámarkshalli vegar 6%

Hlutfalla þungra bifreiða 10%

Hraði létttra bifreiða 90 km/klst

Hraði þungra bifreiða 80 km/klst

Sumarumferð 2032 SDU: 615 bílar á sólarhring

Fjarlægð vegar frá mikilvægu útivistarsvæði þarf að vera meiri en 131 m miðað við 45dB(A) jafngildishljóðstig ef þar á milli er órofin sjónlína.

Fjarlægð áningastaðar frá vegi þarf að vera meiri en 37 m miðað við 55 dB(A). Ef fjarlægð er minni þá skal gera hljódtálma milli vegar og áningastaðar.

Ef sjónlína er rofin frá vegi að mikilvægu útivistarsvæði skal fjarlægð vegar ekki vera minni en 100 m frá útivistarsvæðinu.